

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1787

2016/EES/52/32

frá 6. október 2015

um breytingu á II. og III. viðauka við tilskipun ráðsins 98/83/EB um gæði neysluvatns (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. og III. viðauka við tilskipun 98/83/EB er mælt fyrir um lágmarkskröfur vöktunaráætlana vegna alls neysluvatns og um forskriftir fyrir aðferð við greiningu á mismunandi breytum.
- 2) Uppfæra ætti forskriftirnar í fyrrgreindum II. og III. viðauka með tilliti til framfara á sviði vísinda og tækni og til að tryggja samræmi við löggjöf Sambandsins.
- 3) Með II. viðauka við tilskipun 98/83/EB er gefinn ákveðinn sveigjanleiki við framkvæmd vöktunar í tengslum við úttekt og reglulegt eftirlit sem gerir kleift að fækka sýnatökum við tiltekna aðstæður. Skýra þarf tilteknu skilyrðin fyrir framkvæmd vöktunar á breytum með viðeigandi tíðni ásamt vöktunaraðferðunum með tilliti til framfara á sviði vísinda.
- 4) Frá árinu 2004 hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin þróað áætlun, sem byggist á meginreglum fyrir áhættumat og áhættustjórnun, vegna öryggis vatns sem mælt er fyrir um í viðmiðunarreglum fyrir gæði drykkjarvatns ⁽²⁾. Þessar viðmiðunarreglur, ásamt staðli EN 15975-2 varðandi öryggi drykkjarvatnsveita, eru alþjóðlega viðurkenndar meginreglur sem framleiðsla, dreifing, vöktun og greining á breytum í drykkjarvatni byggjast á. Því ætti að laga II. viðauka við tilskipun 98/83/EB að nýjustu uppfærslunum á þessum meginreglum.
- 5) Í því skyni að halda áhættu fyrir heilbrigði manna í skefjum ættu vöktunaráætlarnar að tryggja að fyrir hendi séu ráðstafanir alla vatnsaðfangakeðjuna og taka mið af upplýsingum um vatnshlot sem notuð eru til töku drykkjarvatns. Almennu skuldbindingarnar er varða vöktunaráætlarnar ættu að brúa bilið milli vatnstöku og vatnsveitu. Samkvæmt 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ⁽³⁾ verða aðildarríkin að tryggja að tekin sé saman skrá eða skrár yfir vernduð svæði. Slík vernduð svæði ná yfir öll vatnshlot sem notuð eru til töku drykkjarvatns, eða ætluð til slíkra nota, skv. 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar. Nota ætti niðurstöður úr vöktun þessara vatnshlota samkvæmt annari undirgrein 1. mgr. 7. gr. og 8. gr. þeirrar tilskipunar til að ákvarða hugsanlega áhættu fyrir drykkjarvatn fyrir og eftir meðhöndlun að því er varðar tilskipun 98/83/EB.
- 6) Reynslan hefur sýnt að því er varðar margar breytur (einkum eðlisefnafræðilegar) myndi styrkurinn sem er fyrir hendi sjaldan valda því að farið sé yfir viðmiðunarmörk. Vöktun og skýrslugjöf í tengslum við slíkar breytur án

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 260, 7.10.2015, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2016 frá 8. júlí 2016 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32.

⁽²⁾ http://www.who.int/water_sanitation_health/publications/2011/dwq_guidelines/en/index.html

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

raunhæfs vægis fela í sér umtalsverðan kostnað, einkum þar sem þarf að taka mið af mörgum breytum. Innleiðing á sveigjanlegri tíðni vöktunar við slíkar aðstæður gefur færi á hugsanlegum sparnaði sem hefði ekki skaðleg áhrif á lýðheilsu eða annan ávinning. Sveigjanleg vöktun dregur einnig úr söfnun gagna sem innihalda litlar eða engar upplýsingar um gæði drykkjarvatns.

- 7) Aðildarríkjunum ætti því að vera heimilt að víkja frá vöktunaráætlunum sem þau hafa komið á, að því tilskildu að trúverðugt áhættumat fari fram, sem gæti grundvallast á viðmiðunarreglum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar fyrir gæði drykkjarvatns og ætti að taka tillit til þeirrar vöktunar sem fer fram skv. 8. gr. tilskipunar 2000/60/EB.
- 8) Tafla B2 í II. viðauka við tilskipun 98/83/EB, sem varðar vatn sem sett er á flöskur eða ílát sem ætluð eru til sölu, er orðin úrelt þar eð þessar vörur falla undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ⁽⁴⁾. Þessar vörur falla einnig undir meginregluna um greiningu á hættu og mikilvæga stýristaði (GáHMSS), sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 ⁽⁵⁾, og meginreglur um opinbert eftirlit eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 ⁽⁶⁾. Vegna samþykktar þeirra reglugerða gildir II. viðauki við tilskipun 98/83/EB í reynd ekki lengur um vatn sem sett er á flöskur eða í ílát sem ætluð eru til sölu.
- 9) Með tilskipun ráðsins 2013/51/KBE ⁽⁷⁾ var komið á sérstöku fyrirkomulagi við vöktun vegna geislavirkra efna. Því ætti einungis að koma á vöktunaráætlunum vegna geislavirkra efna samkvæmt þeirri tilskipun.
- 10) Rannsóknarstofur, sem nota forskriftirnar til greiningar á breytunum sem mælt er fyrir um í III. viðauka við tilskipun 98/83/EB, ættu að starfa í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar verklagsreglur eða staðla um gæði sem byggðir eru á tilteknum viðmiðunum, og beita greiningaraðferðum sem hafa verið fullgiltar eftir því sem framast er unnt.
- 11) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/90/EB ⁽⁸⁾ er kveðið á um staðal EN ISO/IEC 17025, eða aðra jafngilda staðla sem hafa verið viðurkenndir á alþjóðavettvangi, sem skal nota til fullgilda greiningaraðferðirnar. EN ISO/IEC 17025 er einnig einn af þeim stöðlum sem eru notaðir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 882/2004 til faggildingar rannsóknarstofa sem lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum tilnefna. Því er nauðsynlegt að fastsetja þann staðal, eða aðra jafngilda staðla sem hafa verið viðurkenndir á alþjóðavettvangi, til fullgildingar á greiningaraðferðum í tengslum við tilskipun 98/83/EB. Í því skyni að laga III. viðauka við tilskipun 98/83/EB að tilskipun 2009/90/EB ætti að innleiða magngreiningarmörk og mælióvissu sem nothæfiseiginleika. Aðildarríkjunum ætti þó að vera áfram kleift að heimila notkun réttleika, samkvæmni og greiningarmarkna sem nothæfiseiginleika skv. III. viðauka við tilskipun 98/83/EB í takmarkaðan tíma þannig að rannsóknarstofur fái nægan tíma til að laga sig að þessari tæknipróun.
- 12) Nokkrir ISO-staðlar hafa verið settir til að greina örverufræðilegar breytur. Í EN ISO 9308-1 og EN ISO 9308-2 (til að ákvarða heildarfjölda *E. coli* og kóligerla) og staðli EN ISO 14189 (til að greina *Clostridium perfringens*) eru því gefnar allar nauðsynlegar forskriftir til að framkvæma greininguna. Þessir nýju staðlar og tæknipróun ættu að koma fram í III. viðauka við tilskipun 98/83/EB.
- 13) Í því skyni að meta jafngildi staðgönguáðferða og þeirra aðferða sem mælt er fyrir um í III. viðauka við tilskipun 98/83/EB ætti aðildarríkjunum að vera heimilt að nota staðal EN ISO 17994, sem þegar hefur verið komið á sem staðlinum fyrir jafngildi örverufræðilegra aðferða í tengslum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/7/EB ⁽⁹⁾ og með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/64/EB ⁽¹⁰⁾. Að öðrum kosti ætti þeim að vera heimilt að nota

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. ESB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1).

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt (Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1).

⁽⁷⁾ Tilskipun ráðsins 2013/51/KBE frá 22. október 2013 um kröfur um heilsuvernd almennings að því er varðar geislavirk efni í neysluvatni (Stjtið. ESB L 296, 7.11.2013, bls. 12).

⁽⁸⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/90/EB frá 31. júlí 2009 um tækniforskriftir fyrir efnagreiningu og vöktun á ástandi vatns samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB (Stjtið. ESB L 201, 1.8.2009, bls. 36).

⁽⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/7/EB frá 15. febrúar 2006 um stjórnun gæða vatns til baða (Stjtið. ESB L 64, 4.3.2006, bls. 37).

⁽¹⁰⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/64/EB frá 21. janúar 2009 um að tilgreina, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/7/EB, ISO 17994:2004(E) sem staðal fyrir jafngildi örverufræðilegra aðferða (Stjtið. ESB L 23, 27.1.2009, bls. 32).

staðal EN ISO 16140 eða einhverjar aðrar sambærilegar alþjóðlega viðurkenndar aðferðarlýsingar, eins og um getur í 5. mgr. 5. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 ⁽¹⁾, til að koma á jafngildi aðferða sem byggjast á öðrum meginreglum en ræktun, sem eru utan gildissviðs EN ISO 17994.

- 14) Því ætti að breyta II. og III. viðauka við tilskipun 98/83/EB til samræmis við það.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um drykkjarvatn sem komið var á fót skv. 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 98/83/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 98/83/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað II. viðauka komi texti I. viðauka við þessa tilskipun.
- 2) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 27. október 2017. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. október 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli (Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1).

*I. VIÐAUKI**„II. VIÐAUKI***EFTIRLIT****A-HLUTI****Almenn markmið og vöktunaráætlanir í tengslum við neysluvatn**

1. Vöktunaráætlanir í tengslum við neysluvatn skulu:
 - a) staðfesta að ráðstafanir, sem eru fyrir hendi til að halda áhættu fyrir heilbrigði manna í skefjum alla vatnsaðfangakeðjuna, frá vatnasviðinu gegnum vatnstöku, meðhöndlun og geymslu til dreifingar, virki á skilvirkan hátt og að vatnið á þeim stað, þar sem kröfurnar skulu uppfylltar, sé heilnæmt og hreint,
 - b) veita upplýsingar um gæði neysluvatnsins til að sýna fram á að skuldbindingarnar, sem eru settar fram í 4. og 5. gr., ásamt gildum breytna, sem mælt er fyrir um í I. viðauka, séu uppfylltar,
 - c) greina bestu leiðina til að draga úr áhættu fyrir heilbrigði manna.
2. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skulu lögbær yfirvöld koma á fót vöktunaráætlunum sem eru í samræmi við breytunar og tíðnina sem settar eru fram í B-hluta þessa viðauka og fela í sér:
 - a) söfnun og greiningu á einstökum vatnssýnum eða
 - b) mælingar sem eru skráðar í sívöktunarferli.Að auki geta vöktunaráætlanir falið í sér:
 - a) skoðanir á skráningum á stöðu virkni og viðhalds búnaðar og/eða
 - b) skoðanir á vatnasviðinu og grunnvirkjum fyrir vatnstöku, meðhöndlun, geymslu og dreifingu.
3. Vöktunaráætlanir geta byggst á áhættumati eins og sett er fram í C-hluta.
4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að vöktunaráætlanir séu í stöðugri endurskoðun og uppfærðar eða staðfestar að nýju á a.m.k. fimm ára fresti.

B-HLUTI**Breytur og tíðni****1. Almennur rammi**

Vöktunaráætlun verður að taka mið af breytunum sem um getur í 5. gr., þ.m.t. þeim sem eru mikilvægar fyrir mat á áhrifum innlendra dreifikerfa á gæði vatns á þeim stað þar sem kröfurnar skulu uppfylltar, eins og sett er fram í 1. mgr. 6. gr. Þegar viðeigandi breytur er valdar vegna vöktunar verður að taka tillit til staðbundinna aðstæðna að því er varðar hvert vatnsveitikerfi.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að breytunur, sem eru tilgreindar í 2. lið, séu vaktaðar með viðeigandi tíðni sýnatöku eins og sett er fram í 3. lið.

2. Skrá yfir breytur

Breytur í hópi A

Vakta skal eftirfarandi breytur (hópur A) í samræmi við vöktunartíðnina sem sett er fram í töflu 1 í 3. lið:

- Escherichia coli* (*E. coli*), kóligerlar, líftala við 22 °C, litur, grugg, bragð, lykt, sýrustig, eðlisleiðni,
- aðrar breytur sem tilgreindar eru sem breytur sem skipta máli í vöktunaráætluninni í samræmi við 3. mgr. 5. gr. og, ef við á, í samræmi við áhættumat eins og sett er fram í C-hluta.

Við tilteknað aðstæður skal eftirfarandi breytum bætt við breytur í hópi A:

- ammóníum og nítít, ef klórun er notuð,
- ál og járn, ef notuð sem iðefni til vatnsmeðhöndlunar.

Breytur í hópi B

Í því skyni að ákvarða samræmi við öll gildi breytna í þessari tilskipun skal vakta allar aðrar breytur, sem ekki eru greindar í hópi A og eru fastsettar í samræmi við 5. gr., a.m.k. með þeirri tíðni sem sett er fram í töflu 1 í 3. lið.

3. Tíðni sýnatöku

Tafla 1

Lágmarkstíðni sýnatöku og greiningar vegna vöktunar á því hvort farið sé að kröfum

Vatnsmagn sem er dreift eða framleitt á dag innan veitusvæðis (sjá 1. og 2. athugasemd) m ³	Breyta í hópi A fjöldi sýna á ári (sjá 3. athugasemd)	Breyta í hópi B fjöldi sýna á ári
≤ 100	> 0 (sjá 4. athugasemd)	> 0 (sjá 4. athugasemd)
> 100	4	1
> 1000	4 + 3 fyrir hverja byrjaða 1 000 m ³ á dag af heildarrúmmáli	1 + 1 fyrir hverja byrjaða 4 500 m ³ á dag af heildarrúmmáli
> 10000	3 + 1 fyrir hverja byrjaða 10 000 m ³ á dag af heildarrúmmáli	3 + 1 fyrir hverja byrjaða 10 000 m ³ á dag af heildarrúmmáli
> 100000	12 + 1 fyrir hverja byrjaða 25 000 m ³ á dag af heildarrúmmáli	12 + 1 fyrir hverja byrjaða 25 000 m ³ á dag af heildarrúmmáli

1. *athugasemd:* Veitusvæði er landfræðilega afmarkað svæði þar sem neysluvatn kemur úr einu eða fleiri vatnsbólum og þar sem líta má svo á að gæði vatnsins séu hér um bil einsleit.
2. *athugasemd:* Rúmmál er reiknað sem meðaltal miðað við eitt almanaksár. Unnt er að nota fjölda íbúa á veitusvæði í stað vatnsmagns til að ákvarða lágmarkstíðni og miðað við að vatnsneysla sé 200 l á dag á mann.
3. *athugasemd:* Tilgreind tíðni er reiknuð á eftirfarandi hátt: t.d. $4300 \text{ m}^3/\text{dag} = 16 \text{ sýni}$ (fjögur fyrir fyrstu $1000 \text{ m}^3/\text{dag} + 12$ fyrir $3300 \text{ m}^3/\text{dag}$ til viðbótar).
4. *athugasemd:* Aðildarríki, sem hafa ákveðið að undanþiggja einstakar vatnsveitur skv. b-lið 2. mgr. 3. gr. þessarar tilskipunar, skulu einungis nota þessa tíðni fyrir veitusvæði sem dreifa 10 til 100 m^3 á dag.

C-HLUTI

Áhættumat

1. Aðildarríkin geta gefið möguleika á að víkja frá breytunum og tíðni sýnatöku í B-hluta, að því tilskildu að áhættumat sé gert í samræmi við þennan hluta.
2. Áhættumatið, sem um getur í 1. lið, skal byggjast á almennu meginreglunum um áhættumat sem settar eru fram í tengslum við alþjóðlega staðla á borð við staðal EN 15975-2 „Öryggi drykkjarvatnsveita - Leiðbeiningar um áhættu- og hættuástandsstjórnun“.
3. Áhættumatið skal taka mið af niðurstöðum úr vöktunaráætlunum, sem komið er á með annarri undirgrein 7. gr. (1. mgr.) og 8. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB (*), fyrir vatnshlot sem tilgreind eru skv. 7. gr. (1. mgr.) og gefa af sér meira en 100 m^3 á dag að meðaltali, í samræmi við V. viðauka við þá tilskipun.
4. Á grundvelli niðurstaðna úr áhættumatinu skal bæta við skrána yfir breytur í 2. lið B-hluta og/eða auka tíðni sýnatöku í 3. lið B-hluta ef eitthvert eftirtalinna skilyrða er uppfyllt:
 - a) skráin yfir breytur eða tíðni, sem sett er fram í þessum viðauka, er ekki fullnægjandi til að uppfylla skuldbindingarnar sem lagðar eru á skv. 1. mgr. 7. gr.,
 - b) viðbótarvöktunar er krafist að því er varðar 6. mgr. 7. gr.,
 - c) nauðsynlegt er að veita nauðsynlegar tryggingar sem settar eru fram í a-lið 1. liðar í A-hluta.
5. Á grundvelli niðurstaðna úr áhættumatinu má fækka fjöldanum á skránni yfir breytur í 2. lið B-hluta og draga úr tíðni sýnatöku í 3. lið B-hluta ef eitthvert eftirtalinna skilyrða er uppfyllt:
 - a) tíðni sýnatöku vegna *E. coli* má ekki undir neinum kringumstæðum fara niður fyrir þá tíðni sem mælt er fyrir um í 3. lið B-hluta,
 - b) að því er varðar allar aðrar breytur:
 - i. ákvarða skal staðsetningu og tíðni sýnatöku í tengslum við uppruna viðkomandi breytu ásamt breytileika og langtímaleitni styrkleika hennar, með tilliti til 6. gr.,
 - ii. til að draga úr lágmarkstíðni sýnatöku í tengslum við breytu, eins og sett er fram í 3. lið B-hluta, verða niðurstöðurnar úr sýnum, sem safnað er með reglulegu millibili á a.m.k. þriggja ára tímabili frá sýnatökustöðum sem eru dæmigerðir fyrir allt veitusvæðið, að vera undir 60% af gildi breytunnar,

- iii. til að fjarlægja breytu af skránni yfir breytur sem skal vakta, eins og sett er fram í 2. lið B-hluta, verða niðurstöðurnar úr sýnum, sem safnað er með reglulegu millibili á a.m.k. þriggja ára tímabili frá stöðum sem eru dæmigerðir fyrir allt veitusvæðið, að vera undir 30% af gildi breytunnar,
 - iv. fjarlæging tiltekna breytu, sem sett er fram í 2. lið B-hluta, af skránni yfir breytur sem skal vakta skal byggjast á niðurstöðum úr áhættumatinu, með hliðsjón af niðurstöðum vöktunar á uppsprettum neysluvatns og með staðfestingu á því að heilbrigði manna sé verndað frá skaðlegum áhrifum hugsanlegrar mengunar neysluvatns, eins og mælt er fyrir um í 1. gr.,
 - v. aðeins má draga úr tíðni sýnatöku eða fjarlægja breytu af skránni yfir breytur sem skal vakta, eins og sett er fram í ii. og iii. lið, ef staðfest er í áhættumatinu að enginn þáttur, sem raunhæft er að gera ráð fyrir, sé líklegur til að draga úr gæðum neysluvatnsins.
6. Aðildarríki skulu tryggja að:
- a) viðkomandi lögbært yfirvald þeirra samþykki áhættumatíð og
 - b) upplýsingar séu tiltækar sem sýna að áhættumat hafi farið fram, ásamt samantekt um niðurstöður þess.

D-HLUTI

Sýnatökuaðferðir og sýnatökustaðir

1. Ákvarða skal sýnatökustaði til að tryggja samræmi sé við þá staði þar sem farið skal að kröfum eins og skilgreint er í 1. mgr. 6. gr. Þegar um er að ræða dreifikerfi er aðildarríkjunum heimilt að taka sýni á veitusvæðinu eða á hreinsistöðinni vegna tiltekinna breytna ef unnt er að sýna fram á að ekki verði óæskileg breyting á mæligildi viðkomandi breytna. Fjöldi sýna skal, eftir því sem unnt er, dreifa jafnt með tilliti til tíma- og staðsetningar.
2. Sýnataka á þeim stað, þar sem kröfurnar skulu uppfylltar, skal uppfylla eftirfarandi kröfur:
 - a) sýni, til að ákvarða hvort tiltekna efnafræðilegar breytur (einkum kopar, blý og nikkel) uppfylli kröfur, skulu tekin úr krönum neytenda án þess að vatnið sé látið renna um þá fyrst. Tímasetning sýnatöku skal vera handahófskennd að degi til og skal sýnið vera 1 lítri. Að öðrum kosti geta aðildarríkin notað aðferðir þar sem tekin eru sýni úr vatni, sem hefur staðið í tiltekinn tíma, sem endurspeglar betur aðstæður í hverju ríki, að því tilskildu, á vettvangi veitusvæðisins, að það hafi ekki í för með sér færri tilvik þar sem ekki er farið að kröfum en þegar tímasetning sýnatöku er handahófskennd,
 - b) sýni, til að ákvarða hvort örverufræðilegar breytur uppfylli kröfur á staðnum þar sem kröfurnar skulu uppfylltar, skulu tekin og meðhöndluð samkvæmt EN ISO 19458, sýnatökumarkmið B.
3. Sýnataka í dreifikerfinu, að undanskilinni sýnatöku úr krönum neytenda, skal vera í samræmi við ISO 5667-5. Að því er varðar örverufræðilegar breytur skulu sýni tekin í dreifikerfinu og þau meðhöndluð samkvæmt EN ISO 19458, sýnatökumarkmið A.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).”

II. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 98/83/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað inngangsmálgreinar komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu sjá til þess að allar greiningaraðferðir, sem eru notaðar vegna vöktunar og til að sýna fram á að farið sé að ákvæðum þessara tilskipunar, séu fullgiltar og skjalfestar í samræmi við EN ISO/IEC 17025 eða aðra jafngilda staðla sem hafa verið viðurkenndir á alþjóðavettvangi. Aðildarríkin skulu sjá til þess að rannsóknarstofur eða samningsbundnir aðilar á þeirra vegum fylgi starfsvenjum gæðastjórnarkerfis í samræmi við EN ISO/IEC 17025 eða aðra jafngilda staðla sem hafa verið viðurkenndir á alþjóðavettvangi.“

Ef greiningaraðferð, sem uppfyllir lágmarksnothæfisviðmiðanirnar í B-hluta, liggur ekki fyrir skulu aðildarríkin sjá til þess að við vöktun sé notuð besta, fánlega tækni sem hefur ekki í för með sér óhóflegan kostnað.“

- 2) Ákvæðum 1. liðar er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnar í 1. lið komi eftirfarandi:

„A-HLUTI

Örverufræðilegar breytur sem greiningaraðferðir hafa verið tilgreindar fyrir“

- b) Í stað þriðja til níunda liðar, þ.m.t. 1. athugasemd, komi eftirfarandi:

„Aðferðirnar fyrir örverufræðilegu breytturnar eru:

- a) *Escherichia coli* (*E. coli*) og kólígerlar (EN ISO 9308-1 eða EN ISO 9308-2)
- b) *Enterococci* (EN ISO 7899-2)
- c) *Pseudomonas aeruginosa* (EN ISO 16266)
- d) Ákvörðun á heildarfjölda ræktanlegra örvera — Líftala við 22 °C (EN ISO 6222)
- e) Ákvörðun á heildarfjölda ræktanlegra örvera — Líftala við 36 °C (EN ISO 6222)
- f) *Clostridium perfringens* einnig gró (EN ISO 14189)“.

- 3) Ákvæðum 2. liðar er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnar í 2. lið komi eftirfarandi:

„B-HLUTI

Efnafræðilegar breytur og vísibreytur sem nothæfiseiginleikar hafa verið tilgreindir fyrir“

- b) Í stað liðar 2.1 komi eftirfarandi:

„1. Efnafræðilegar breytur og vísibreytur

Að því er varðar breytturnar, sem settar eru fram í töflu 1, eru tilgreindu nothæfiseiginleikarnir þeir að greiningaraðferðin sem er notuð verður að lágmarki að geta mælt styrk sem er jafn gildi breytunnar með magngreiningarmörkum, eins og skilgreint er í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/90/EB (*), sem eru 30% eða minna af viðkomandi gildi breytu og mælióvissu eins og tilgreint er í töflu 1. Niðurstöðurnar skulu gefnar upp með því að nota a.m.k. sama fjölda marktækra tölustafa og fyrir gildi breytu sem gefið er upp í B- og C-hluta I. viðauka.

Fram til 31. desember 2019 geta aðildarríkin heimilað notkun réttleika, samkvæmni og greiningarmarka, eins og tilgreint er í töflu 2, sem nothæfiseiginleika í stað magngreiningarmarka og mælióvissu eins og tilgreint er í fyrstu málsgrein annars vegar og töflu 1 hins vegar.

Mælióvissan, sem mælt er fyrir um í töflu 1, skal ekki notuð sem viðbótarvirkmörk við gildi breytna sem sett eru fram í I. viðauka.

Tafla 1

Lágmarksnothæfiseiginleiki „Mælióvissa“

Breytur	Mælióvissa (sjá 1. athugasemd) % af gildi breytu (að undanskildu sýrustigi)	Athugasemdir
Ál	25	
Ammóníum	40	
Antímon	40	
Arsen	30	
Bensó(a)pýren	50	Sjá 5. athugasemd
Bensen	40	
Bór	25	
Brómat	40	
Kadmíum	25	
Klóríð	15	
Króm	30	
Eðlisleiðni	20	
Kopar	25	
Sýanið	30	Sjá 6. athugasemd
1,2-díklóretan	40	
Flúoríð	20	
Styrkur vetnisjóna (gefinn upp sem sýrustigseiningar)	0,2	Sjá 7. athugasemd
Járn	30	
Blý	25	
Mangan	30	
Kvikasilfur	30	
Nikkel	25	
Nítrat	15	
Nítrít	20	
Oxunarhæfni	50	Sjá 8. athugasemd
Varnarefni	30	Sjá 9. athugasemd

Breytur	Mælióvissa (sjá 1. athugasemd) % af gildi breytu (að undanskildu sýrustigi)	Athugasemdir
Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni	50	Sjá 10. athugasemd
Selen	40	
Natríum	15	
Súlfat	15	
Tetraklóreten	30	Sjá 11. athugasemd
Tríklóreten	40	Sjá 11. athugasemd
Tríhalómetan — heildarmagn	40	Sjá 10. athugasemd
Heildarmagn lífræns kolefnis (TOC)	30	Sjá 12. athugasemd
Grugg	30	Sjá 13. athugasemd

Akrýlamíð, epíklórhydrín og vínýlklóríð skulu vera í samræmi við forskrift fyrir afurð.

Tafla 2

Lágmarksnothæfiseiginleikarnir „réttleiki“, „samkvæmni“ og „greiningarmörk“ — má nota til 31. desember 2019

Breytur	Réttleiki (sjá 2. athugasemd) % af gildi breytu (að undanskildu sýrustigi)	Samkvæmni (sjá 3. athugasemd) % af gildi breytu (að undanskildu sýrustigi)	Greiningarmörk (sjá 4. athugasemd) % af gildi breytu (að undanskildu sýrustigi)	Athugasemdir
Ál	10	10	10	
Ammóníum	10	10	10	
Antímon	25	25	25	
Arsen	10	10	10	
Bensó(a)þýren	25	25	25	
Bensen	25	25	25	
Bór	10	10	10	
Brómat	25	25	25	
Kadmíum	10	10	10	
Klóríð	10	10	10	
Króm	10	10	10	
Eðlisleiðni	10	10	10	

Breytur	Réttleiki (sjá 2. athugasemd) % af gildi breytu (að undanskildu sýrustigi)	Samkvæmni (sjá 3. athugasemd) % af gildi breytu (að undanskildu sýrustigi)	Greiningarmörk (sjá 4. athugasemd) % af gildi breytu (að undanskildu sýrustigi)	Athugasemdir
Kopar	10	10	10	
Sýanið	10	10	10	Sjá 6. athugasemd
1,2-díklóretan	25	25	10	
Flúorið	10	10	10	
Styrkur vetnisjóna (gef- inn upp sem sýrustigs- einingar)	0,2	0,2		Sjá 7. athugasemd
Járn	10	10	10	
Blý	10	10	10	
Mangan	10	10	10	
Kvikasilfur	20	10	20	
Nikkel	10	10	10	
Nítrat	10	10	10	
Nítrít	10	10	10	
Oxunarhæfni	25	25	10	Sjá 8. athugasemd
Varnarefni	25	25	25	Sjá 9. athugasemd
Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni	25	25	25	Sjá 10. athugasemd
Selen	10	10	10	
Natríum	10	10	10	
Súlfat	10	10	10	
Tetraklóreten	25	25	10	Sjá 11. athugasemd
Tríklóreten	25	25	10	Sjá 11. athugasemd
Tríhalómetan — heildarmagn	25	25	10	Sjá 10. athugasemd
Grugg	25	25	25	

Akrýlamið, epíklórhyðrín og vínýlklóríð skulu vera í samræmi við forskrift fyrir afurð.

(*) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/90/EB frá 31. júlí 2009 um tækniforskriftir fyrir efnagreiningu og vöktun á ástandi vatns samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB (Stjtið. ESB L 201, 1.8.2009, bls. 36).“

c) Í stað liðar 2.2 komi eftirfarandi:

„2. Athugasemdir við töflu 1 og 2

1. athugasemd	Mælióvissa er breyta, sem er ekki neikvæð og einkennir dreifingu mæligildanna sem eiga við um tiltekinn mælipátt (e. <i>measurand</i>), byggt á þeim upplýsingum sem stuðst er við. Nothæfisviðmiðunin fyrir mælióvissu ($k = 2$) er hlutfallið af gildi breytu sem tiltekið er í töflunni eða betri. Mælióvissan skal áætluð á grundvelli gildis breytunnar, nema annað sé tekið fram.
2. athugasemd	Réttleiki er kerfisbundin skekkja, þ.e. munurinn á meðalgildi mikils fjölda endurtekinnna mælinga og raunverulegs gildis. Frekari forskriftir eru settar fram í ISO 5725.
3. athugasemd	Samkvæmni er slembiskekking og er venjulega gefin upp sem staðalfrávik (innan lotu og milli lotna) í dreifingu niðurstaðna frá meðalgildinu. Viðunandi samkvæmni er tvisvar sinnum hlutfallslegt staðalfrávik. Þetta hugtak er skilgreint nánar í ISO 5725.
4. athugasemd	Greiningarmörk eru annað hvort: <ul style="list-style-type: none"> — þrefalt staðalfrávik innan lotu fyrir náttúrulegt sýni þar sem styrkur breytunnar er lítill eða — fimmfalt staðalfrávik blanksýnis (innan lotu).
5. athugasemd	Ef ekki er unnt að fara að gildi mælióvissunnar ætti að velja bestu, fáanlegu tækni (allt að 60%).
6. athugasemd	Með aðferðinni er ákvarðað heildarmagn sýaniðs í öllum myndum.
7. athugasemd	Gildi fyrir réttleika, samkvæmni og mælióvissu eru gefin upp í sýrustigseiningum.
8. athugasemd	Tilvísunaraðferð: EN ISO 8467
9. athugasemd	Nothæfiseiginleikar fyrir einstök varnarefni eru gefnir upp sem vísbending. Unnt er að ná gildum fyrir mælióvissu sem eru allt niður í 30% fyrir sum varnarefni en hærri gildi, allt að 80%, geta verið leyfð fyrir sum varnarefni.
10. athugasemd	Nothæfiseiginleikarnir taka til einstakra efna sem eru tilgreind upp að 25% af gildi breytunnar í B-hluta í I. viðauka.
11. athugasemd	Nothæfiseiginleikarnir taka til einstakra efna sem eru tilgreind upp að 50 % af gildi breytunnar í B-hluta í I. viðauka.
12. athugasemd	Áætla skal mælióvissuna við 3 mg/l af heildarmagni lífræns kolefnis. Nota skal staðalinn CEN 1484 „Guidelines for the determination of TOC and dissolved organic carbon (DOC)“.
13. athugasemd	Áætla skal mælióvissuna á grundvelli 1.0 NTU (eining fyrir styrk gruggs samkvæmt agnaendurskinsmælingu) í samræmi við EN ISO 7027.“

4) 3. liður falli brott.